

**Minnisblað um jafnréttisúttekt
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/HDG
Dags. 16. janúar 2020**

Gerð var jafnréttisúttekt á þremur hverfisíþróttafélögum 2016. Þrjú félög voru dregin út með slembiúrtaki á fundi mannréttindaráðs og voru þau Fjölirnir, Knattspyrnufélag Reykjavíkur og Þróttur. Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar (heitir nú mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa) var falið að sjá um úttektina og var settur á fót vinnuhópur til ráðgjafar sem í áttu sæti starfsfólk mannréttindaskrifstofu, Íþróttá- og tómsfundasviðs og Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Eftirtaldir þættir voru m.a. skoðaðir:

- ✓ Kynjahlutföll iðkenda.
- ✓ Hvort jafnréttisstefna félaganna væri auðfinnanleg.
- ✓ Hvort siðareglur félaganna væru auðfinnanlegar.
- ✓ Kynjahlutföll starfsfólks og í stjórnnum íþróttafélaganna
- ✓ Hvort viðbragðsáætlanir við kynferðilegri áreitni og einelti væru til staðar.
- ✓ Laun og kjör þjálfara eftir kyni.
- ✓ Hvort til væri fræðsluáætlun og hvort fram færi jafnréttisfræðsla.
- ✓ Hvort jafnvægi væri í verðlaunum og verðlaunagripum kvenna og karla
- ✓ Hvernig staðið væri að því að kynna starfsemi félagsins
- ✓ Hvernig val á myndefni og fréttum á vefsíðum væri, greint eftir kyni, aldri og greinum.

Fram kom m.a.:

- ✓ Að jafnréttisstefnur félaganna voru ekki virkar
- ✓ Að siðareglurnar aðeins virkari en jafnréttisstefnurnar- í einhverjum tilvikum
- ✓ Að félögin voru með ólíkar leiðir til að takast á við kynferðilegt áreiti og ofbeldi.
- ✓ Að félögin sögðu laun þjálfara vera jöfn óháð kyni þeirra og kyni þeirra sem verið væri að þjálfra.
- ✓ Að félögin sögðu vera jafnræði í verðlaunum og verðlaunagripum sem iðkendur fengju.
- ✓ Að ekkert þeirra var með reglubundna fræðslu um jafnréttismál fyrir starfsfólk eða iðkendur.
- ✓ Að framkvæmdastjórnar félaganna voru karlar og formenn aðalstjórnar einnig.
- ✓ Að karlar voru í meirihluta í aðalstjórnnum félaganna þriggja (57%, 71% og 80%). Þegar allar deildir voru skoðaðar var kynjahlutfallið jafnara nema hjá KR þar sem konur voru 21% stjórnarfólks þegar stjórnir alla deilda voru teknar saman.
- ✓ Að þegar tölur voru teknar saman um myndir og fréttaplutning voru féttir og myndefni af konum í minnihluta. Úttektin náði samt aðeins yfir tvo mánuði og hefði þurft að ná yfir lengri tíma til að gefa skýrari mynd af stöðunni.

Niðurstaða úttektarinnar var kynnt fyrir félögunum bæði undir lok hennar en einnig var haldinn fundur með félögunum miðja vegu í úttektinni.

ÍBR hefur í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu farið í átak sem lýtur að því að hvetja íþróttafélögin til að gera jafnréttisstefnuna virka en ef þær eru vel unnar þá taka þær á flestum þeim þáttum sem eru mikilvægir bæði hvað snertir stjórn félaganna og starfsemi og allt umhverfi iðkenda.

Á þessari vefsíðu má finna það skapalón sem var unnið til að nýta fyrir jafnréttisáætlanir íþróttafélaganna.

<https://www.ibr.is/jafnrettismal>

Í upphafi ársins 2019 var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni ***Eru íþróttir vettvangur kynferðisofbeldis?- Vinnum gegn því.*** Að ráðstefnunni stóðu: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Háskólinn í Reykjavík og RIG - Reykjavik International Games. Ráðstefnan var haldin í kjölfar frásagna íþróttakvænna af kynferðislegu ofbeldi og áreitni sem komu fram í tengslum við #metoo byltinguna.

Þar sem unnið hefur verið að úrbótum innan íþróttahreyfingarinnar í borginni á þessu sviði er tímabært að vinna nýja úttekt á stöðu jafnréttismála innan hverfisfélaganna til að skoða hvort það verk sem unnið hefur verið hafi skilað árangri eða hvort feta þurfi nýjar leiðir.

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir